

# Akam ég og Annika

## 3. kafli

Mamma hefur aldrei fílað að sofa í tjaldi en pabbi elskar það. Hann reyndi að vera jákvæður við mömmu en oftast var samt stemningin á milli þeirra þung þegar við fórum í ferðalag.

Það var samt ekki alltaf þannig. Mamma kallaði pabba stundum fjallagarpinn 11 sinn og það kom fyrir að hún eldaði rosalega góðan mat handa honum. Hún kveikti þá á kertum og gerði svakalega kósí þegar hann kom heim úr löngum ferðum. Pabbi var líka svo sannarlega skotinn í mömmu og mér finnst gott að hugsa til þess. Hann brosti stundum fallega til hennar þegar hún birtist snemma morguns í flugfreyjubúningnum, há og glæsileg. Við hlið hennar litum við út eins og álfar með nesti í slitnum bakpokum. Eitt sinn heyrði ég hann segja um leið og hann strauk henni um mjaðmirnar:

— Ég fylgi Hrafnhildi í skólann og kem svo að tala við þig áður en ég fer í vinnuna ... mér liggur ekki lífið á.

Þá óskaði ég þess að eignast bráðum systkini og dreymdi um endalausa hamingju okkar.

Ef sú ósk hefði ræst 12, væri ég ekki að flytja til útlanda. Ég andvarpaði. Amma leit á mig í baksýnisspeglinum 13 og ég sá að hún hafði áhyggjur af mér. Mamma var að pikka á símann, greinilega að senda skilaboð á Tryggva. Hún brosti þannig. Ég leit út um gluggann, á fjöllin og hraunið og hugsaði áfram.

Eitt árið rétt eftir pánska var pabbi með hóp af fólk á leið niður af Langjökli þegar veðrið varð allt í einu brjálað. Það náðist ekki símasamband við hópinn í marga klukkutíma og björgunarsveitir 14 voru kallaðar út. Mamma og amma vöktu alla nóttina með miklar áhyggjur. Á hádegi næsta dag var pabbi orðinn hetja, hann hafði grafið fólkioð í fönn 15 og

þar þurfti það að vera í skjóli, alla nóttina. Pabbi tók það rólega í tvær vikur eftir ferðina. Hann notaði þá tækifærið og lagaði ýmislegt í íbúðinni okkar. Mamma var mjög ánægð með það og var alltaf að knúsa hann og kyssa. Ég held að þetta hafi verið bestu vikurnar okkar saman sem fjölskylda.

11 Fjallagarpur er sá sem er mikið á fjöllum og nýtur þess.

12 Ef eitthvað rætist, verður eitthvað að alvöru sem maður hefur vonast eftir eða búist við.

13 Baksýnisspegill er spegill í bíl sem sýnir það sem er fyrir aftan mann.

14 Björgunarsveitir eru hópar fólks sem hjálpa þeim sem eru í vandræðum, t.d. á fjöllum.

15 Að grafa fólk í fönn er að grafa fólk í snjó svo það fái skjól fyrir slæmu veðri.

En svo varð allt eins aftur. Mamma vildi helst að pabbi hætti að ganga á fjöll en pabbi var því alls ekki sammála.

— Mér er illa við þetta, sagði hún, — viltu ekki bara fara að kenna uppi í háskóla?

Það gat pabbi alls ekki hugsað sér og sagði að hann vildi allt annað en að vera innilokaður í búri allan daginn. Lífið væri of stutt. Og aftur urðu erfiðu augnablikin fleiri en þau góðu.

Ein minning er mjög skýr. Ég á líka ljósmynd af henni. Ég stand á milli mömmu og pabba á leiðinni inn í flugvél. Pabbi mjög stressaður en ég brosi eftir pöntun. Mamma var líka brosandi á myndinni þótt hún hafi verið rosalega taugaveikluð 16 yfir því hvernig pabbi var klæddur.

— Hva, ekki viltu að ég klæði mig upp í jakkaföt?

— Nei, en þú gætir farið í einhverjar flottar buxur og leðurjakka.

— Þú veist vel að ég á ekkert svoleiðis og mér dettur ekki í hug að kaupa mér ný fót

sem ég á sjaldan eða aldrei eftir að nota.

- Viltu hætta við að fara? Loksins þegar á að fara í frí.
- Ég redda þá betri buxum Ólöf, sagði pabbi fúll og fór með mig í sund og eftir það í heimsókn til ömmu.

Ég gat ekki annað en flissað þegar ég sá pabba fyrir mér á myndinni. Mamma leit aftur í og brosti til mína.

- Hvað er svona fyndið elskan? spurði hún og lagði höndina vongóð 17 á lærið á mér.
- Ekkert.
- Jú, hvað er svona fyndið? Segðu okkur það.
  
- Æ, ég fór bara allt í einu að hugsa um myndina af okkur þegar við fórum til Köben og pabbi var í buxunum af afa.

16 Að vera taugaveikluð er að vera mjög stressuð og óörugg með sig.

17 Að vera vongóð/vongóður er að hafa von í brjósti, vonast eftir einhverju góðu.

Brosið hvarf af andliti mömmu, hún dró höndina til sína og fór að róta í veskinu. Á meðan hún setti á sig varalit og maskara fór amma að tala um hvað bláu buxurnar hefðu farið 18 pabba vel.

—Æ, plís, getum við ekki talað um eitthvað annað, sagði mamma og klemmdi saman varirnar.

Málið er að amma Habbý og pabbi hafa alltaf verið rosalega góðir vinir. Þótt mamma og pabbi hafi skilið eru þau amma enn mjög náin. Þau eru bæði harðir umhverfissinnar 19 . Mamma hafði treyst því að pabbi myndi kaupa sér venjulegar buxur en pabbi fór til ömmu sem breytti gömlum buxum af afa og mamma var alls ekki hrifin af því. Buxurnar voru líka ljótar. En pabbi er þrjóskur og mætti líka í gamalli skyrtu af afa. Þá varð mamma næstum orðlaus.

- Er það ekki innihaldið sem skiptir máli? sagði pabbi og reyndi að taka utan um mömmu sem vildi það ekki.
- Ertu að reyna að vera erfiður, spurði hún.
- Alls ekki, Ólöf míن.
- Eins og sjá má, sagði mamma reið og starði hneyksluð á pabba sem líka var í fjallgönguskónum sínum.
- Þið eruð bæði stórskrýtin, sagði mamma.

Mér fannst pabbi bara fínn og spennandi að við værum öll að fara saman í Tívolí. Það var jú mamma sem vildi frekar fara til útlanda en í útilegu.

Þótt ég geti hlegið að þessari mynd í dag þá á hún sér einnig aðra hlið. Þó að pabba þyki ennþá vænt um mömmu hefur hann aldrei getað jafnað sig á því að hún hafi beðið Tryggva flugstjóra um að taka myndina. Fjórum mánuðum seinna tilkynnti 20 mamma pabba að sambandi þeirra væri lokið. Hún átti þá von á tvíburunum með Tryggva. Það gat pabbi aldrei fyrirgefið henni.

18 Þegar fót fara einhverjum vel passa þau vel á hann/hana.

19 Umhverfissinnar eru fólk sem berst fyrir verndun náttúrunnar.

20 Að tilkynna eitthvað er að segja frá einhverju.